

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Helga Þórdís Björnsdóttir, skíðavikustjóri 2026
Dags. 6. maí 2026
Mnr. 2021030113



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - skíðavikan og páskar 2026

Skíðavikan 2026 fór fram dagana 1. til 6. apríl og gekk virkilega vel. Í ár sá ráðinn skíðavikustjóri sem bar ábyrgð á yfirsýn og framkvæmd verkefnisins, en naut stuðnings frá teymi starfsmanna sveitarfélagsins; sviðsstjóra, upplýsingafulltrúa, forstöðumanni þjónustumiðstöðvar og forstöðumanni skíðasvæðisins. Deildist því skipulag hátíðarinnar á milli skíðavikustjóra, SFÍ, Ísafjarðarbæjar og þeirra fjölmörgu aðila sem stóðu að viðburðum vikunnar. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og styrkti utanumhald, ábyrgðarskiptingu og samvinnu.

Undirbúningur fór fram með hefðbundnum hætti, þó aðstæður í ár hafi verið með besta móti og því ekki þörf á að vinna út frá mismunandi sviðsmyndum líkt og áður. Snjóalög og veður voru hagstæð sem einfaldaði skipulag og framkvæmd viðburða. Dagskrá Skíðavikunnar var fjölbreytt og byggði á öflugu samstarfi fyrirtækja, félaga og íbúa. Viðburðir fóru fram víða um svæðið, í öllum byggðakjörnum, og var lögð áhersla á að bjóða upp á eitthvað sem höfðaði til allra aldurshópa. Þátttaka var góð og stemning jákvæð.

Dagskrá var kynnt bæði á paskar.is og skidavikan.is, en sveitarfélagið naut liðsinnis Ragnars Diego Angemi við hönnun á nýrri paskar.is síðu – með það að markmiði að bæta upplýsingaflæði og einfalda leit fyrir gesti um hina ýmsu viðburði og þjónustu. Samræma þarf þó betur upplýsingagiöf milli síðanna, og fyrir næsta ár hefur verið ákveðið að öll dagskrá verði aðgengileg á einum stað, á paskar.is, til að einfalda yfirsýn og aðgengi fyrir gesti, í stað þess að keyra hana á tveimur síðum, sem ekki tala saman í bakenda.

Setning Skíðavikunnar fór fram á Silfurtorgi og var með hefðbundnu sniði. Lúðrasveit lék við opnun og í kjölfarið setti skíðavikustjóri, Helga Þórdís Björnsdóttir, hátíðina formlega með stuttri ræðu. Tónlist var einnig á dagskrá, þar sem hljómsveitin Skíðaklossar steig á svið og DJ Eisi kom fram. Huga mætti að því á næsta ári að staðsetja sviðsbíl annars staðar við torgið svo tónlistarinnar verði notið betur upp eftir Hafnarstrætinu og á Silfurtorgi samhliða. SFÍ var á svæðinu með sölu á veitingum, pönnukökum og kakói, ásamt varningi frá félaginu sem var vel tekið. Sprettgangan fór fram að setningu lokinni og gekk vel, þátttaka var góð og Gylfi Ólafsson sá um kynningu.

Undirbúningur brautar hófst kvöldið áður sem reyndist vel og létti álagi af deginum sjálfum ásamt því að vera öryggisatriði þar sem færri fólk er á ferli og sérstaklega börn á vappi í kringum vélarnar. Snjórinn var sóttur innan úr götum Eyrarinnar og var svo hreinsaður burt á miðvikudagskvöldi. Huga þarf að ákveðnum atriðum til einföldunar á þeirri vinnu, vegna umferðar í bænum, með forstöðumanni áhaldahúss á næsta ári.

Það fór allt vel fram á skíðasvæðunum og voru viðburðir þar mjög vel sóttir. Sömu sögu var að segja af aðsókn almennt, þar sem mikið var um fólk alla vikuna. Sökum snjóleysis í vetur voru lyftukort með óhefðbundnu sniði og má segja að ákveðið heiðarleikakerfi hafi

verið í gangi. Álag á lyftukerfið var töluvert og mynduðust oft raðir, sérstaklega fyrir part dags, sem gat gert upplifunina óskemmtilega á köflum, en slíkt fylgir aukinni aðsókn og góðri mætingu. Bílaumferð á svæðinu skapaði einnig ákveðnar áskoranir og væri gagnlegt að skoða möguleika á skipulögðum rútuferðum upp á svæðið til að bæta flæði og draga úr álagi.

Samstarf milli helstu aðila gekk vel, þar á meðal við þjónustumiðstöð, og mikilvægt er að halda áfram að vinna með skýra verkaskiptingu og gott samráð með þeim. Einnig eru tækifæri til að efla enn frekar samstarf við aðra viðburði á svæðinu, sérstaklega Aldrei fór ég suður, til dæmis með sameiginlegum viðburðum sem gætu aukið fjölbreytni og líf í dagskrá ásamt möguleikum fyrir fleira tónlistarfólk að stíga á stókk, hægt að opna umræðu við tónlistafólk og biðja þau um að koma með hugmyndir. Hægt að skoða einhvers konar samstarf.

Mikilvægt er að byrja undirbúning snemma, það minnkar álag. Samskipti voru góð við alla aðila.

Í heildina gekk Skíðavikan 2026 afar vel og sýndi styrk sinn sem fjölbreytt og samvinnumiðuð hátíð þar sem samfélagið allt kemur að framkvæmdinni og gleðinni.